



Viðurkenning

Umsækjandi

**Varmamót ehf.,
Iðavöllum 3
230 Keflavík**

Númer: 2002:05

Flokkur: B08

Efni viðurkenningar:

Varmamót einangrunarmót plastkubbar sem byggingaraðferð.

Lýsing:

Um er að ræða 50 + 50 mm fleka úr sjálflöskvandi polystyren plasti sem, tengdir saman með harðplasttengjum pr. 130 mm og mynda 300x1200 mm mótaflöt (kubb sem er 250x300x1200 mm). Kubbunum er raðað saman til að mynda mót sem steipt er í með steinsteypu á venjulegan hátt. Með þessu fæst um 150 mm steinsteypur veggur, brunamótstaða REI60, með 50 mm polystyren einangrun að innanverðu og að utanverðu.

Plastið skal eldvarið að utan og að innan með klæðningum í flokki 1 á öllum byggingum sbr. gr. 135.10b í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Í því sambandi vill Brunamálastofnun taka fram eftirfarandi takmarkanir á notkun:

1. Þess skal gætt að ekki má nota loftræstar klæðningar yfir plastinu heldur skal eldvörnin, klæðning í flokki 1 liggja þétt að plastinu. Um þykkt á eldvörninni skal miða við að holrúm sé undir klæðningunni.
2. Plastið skal rofið lárétt utanhúss um einn kubb (300 mm) við 3ju hverja hæð að utan eða með 8 m. millibili eftir því hvort er minna og lóðrétt þannig að ekki verði lengri veggflötur en 50 m. samfelldur með plasti.
3. Viðurkenningin miðast við að uppsetning einangrunarmótanna og frágangur þeirra í brunatæknilegu tilliti sé unnin af Varmamót ehf., eða öðrum aðilum sem hlotið hafa þjálfun á þeirra vegum.

Brunamálastofnun áskilur sér rétt til að breyta eða fella niður, fyrirvaralaust og án nokkurra bóta, ofangreinda viðurkenningu að hluta eða að öllu leyti verði breytingar á gildandi stöðlum eða reglum um ofangreint efni eða það komi í ljós að einhverjar upplýsingar sem viðurkenningin byggir á hafi verið rangar eða rangt túlkaðar eða ef frágangur og merkingar eru ekki í samræmi við ofanritað. Viðurkenningin gildir einungis á Íslandi.

Viðurkenningin gildir til: 1. janúar 2005

Reykjavík 21. febrúar 2002

Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur